

Dagskrá Íslandstjaldsins við Geirsgötu 9

Í Íslandstjaldinu kynna markaðsstofur landshlutanna allt það skemmtilega sem ferðapjónustan hefur upp á að bjóða í haust- og vetur. Einnig bjóða markaðsstofurnar upp á fjölbreytta skemmtidagskrá og sýna margt áhugavert eins og handverk og listmuni, ullarfatnað, ljósmyndir, matvæli og snjóbyssu!

Rúsinan í pylsuendanum er síðan gjörningurinn **Ísafold** sem er 7 m langt landslagsmálverk unnið af 7 listamönnum víðsvegar af landinu. Vinnan við gjörninginn hefst kl. 13.00 og stendur til kl. 20.00. Gestir eru hvattir til að setja mark sitt á verkið. Listamennirnir eru: Pétur Stefánsson fyrir Höfuðborgarsvæðið, Sossa Björnsdóttir fyrir Suðurnes, Hallur Karl Hinriksson fyrir Suðurland, Ólöf Björk Bragadóttir fyrir Austurland, Örn Ingi Gíslason fyrir Norðurland, Sara Vilbergsdóttir fyrir Vestfirði og Bjarni Þór Bjarnason fyrir Vesturland. Ómar Ragnarsson mun síðan afhjúpa verkið formlega kl. 20:00.

Setning Menningarnætur

- 13.00 Finnski háskólakórinn Chamber Choir Cantinovum syngur. Stjórnandi er Rita Varonen.
13.10 Borgarstjórnin í Reykjavík, Jón Gnarr, setur Menningarnótt.

Höfuðborgarsvæðið

- 13.15 Sif Gunnardóttir kynnir dagskrá Íslandstjaldsins og Höfuðborgarstofu. Reiðhjól, hjólaleiðir og allt það græna sem Höfuðborgarsvæðið hefur upp á að bjóða!
13.20 Ari Eldjárn fer með gamanmál af sinni alkunnu snilld.
13.40 Valgeir Guðjónsson leikur af fingrum fram.

Suðurnes

- 14.00 Kristján Pálsson kynnir dagskrá Suðurnesja. Haust- og vetrarferður, reiðhjóla- og fjórhjólacævintýri!
14.15 „Gleðibomban“ Marta Eiríksdóttir frá Púlsinum í Sandgerði kittlar hláturtaugarnar.


Suðurland

- 15.00 Davíð Samúelsson kynnir dagskrá Suðurlands. Frá Frá Selvogi austur að Eystrahorni. Allt um afþreyingu, gistingu, vetrarferðmennsku, hópferðir, göngur, flug, siglingar, hestamennsku o.fl. „Suðurland – kraftur og hreinleiki“!
15.05 Sunnlenska Aer-tríóið, þau Margrét Stefánsdóttir, Jóhann Stefánsson og Hilmar Örn Agnarsson flytja verk eftir sunnlensk tónskáld m.a. Ísólf Pálsson, Pál Ísólfsson, Sigfús Einarsson og lög eftir erlend tónskáld frá ýmsum tímum.
15.30 Biggi Bix tónlistarmaður og Ísfirðingur flytur lög af nýútkomnum geisladiski (forsmekkur að dagskrárlið frá Vestfjörðum).

Austurland

- 16.00 Jón B. Guðlaugsson kynnir dagskrá Austurlands. Vetrarferðir, vetraríþróttir, vetrarhátíðir, austfirskar krásir og skoskur draugur!
16.05 Tískusýning frá „Arfleifð-Heritage from Iceland“. Sýning á hágæða töskum, fylgihlutum og fatnaði úr íslenskum hráefnum.

Framhald á næstu síðu...



Dagskrá Íslandstjaldsins við Geirsgötu 9

Austurland frh.

- 16.20 Sigurður Ingólfsson les ljóð úr bókum sínum Dúett og Þrjár sólar og kynnir starfsemi helstu menningarstofnana Austanlands.
- 16.35 Bjartmar Guðlaugsson frá Eiðum flytur lög af nýútkomnum geisladiski.
- 16.45 Jón B. Guðlaugsson minnst Hákonar Aðalsteinssonar skálds og les nokkur ljóða hans. Einnig verður spiluð upptaka af eigin lestri Hákonar.

Norðurland

- 17.00 Ásbjörn Björgvinsson kynnir dagskrá Norðurlands. Afþreying, skíðasvæði og vetrarævintýri á Norðurlandi!
- 17.05 Stúfur Leppalúðason, úr Mývatnssveit, heilsar upp á gesti og norðenska skíðafjölskyldan sýnir sunnlendingum hvernig maður hegðar sér í snjó.
- 17.20 Biggi Bix tónlistarmaður og Ísfirðingur flytur lög af nýútkomnum geisladiski (forsmekkur að dagskrárlíð frá Vestfjörðum).
- 17.35 Sunnlenska A-tríóið (endurtekinn dagskrárlíður frá Suðurlandi).

Vestfirðir

- 18.00 Gústaf Gústafsson kynnir dagskrá Vestfjarða. Annað Ísland; Sjáðu, smakkaðu, upplifðu!
- 18.05 Biggi Bix tónlistarmaður og Ísfirðingur flytur lög af nýútkomnum geisladiski, Set me on fire.
- 18.30 Sunnlenska A-tríóið (endurtekinn dagskrárlíður frá Suðurlandi).

Vesturland

- 19.00 Heba Soffía Björnsdóttir kynnir dagskrá Vesturlands. Ullarvörur og gæðahandverk úr íslensku hráefni frá Ullarselinu á Hvanneyri og síðan verður spunnið á rokk!
- 19.05 Bernd Ogrodnik frá Brúðuheimum í Borgarnesi sýnir valda þætti úr leikverki sínu „Umbreyting - ljóð á hreyfingu“.

Dagskrárlök

- 19.45 Leik- og söngkonan Jana María Guðmundsdóttir syngur lög sem Helena Eyjólfsdóttir gerði fræg fyrir á árum. Undirleikari er Árni Heiðar Karlsson.
- 20.00 Ferðamálastjóri, Ólöf Ýrr Atladóttir, ávarpar samkomuna.
- 20.10 Ómar Ragnarsson afhjúpar málverkið Ísafold.
- 20:20 Ferðalangarnir í Belgíska brassbandinu La Fanfare du BelgistaN slá botninn í dagskrána með hressum og dálífið óhefluðum tónum í anda arabískrar-, sígauna- og jazztónlistar.

